

Fundur í Háskólaráði

Dags. 24.02. 2025

Staður og tími: Teams kl. 12.00

Málsnúmer:

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Haukur Logi Karlsson, Erlendur Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir

Fulltrúar nemenda: Daníel Ómar Viggósson, Halldór Kjartan Þorsteinsson, Agla Sól M. Hafðísardóttir, Sara Bergsdóttir

Áheyrnaraðilar: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Anna Þórunn Reynis, Einar Hreinsson

Fjarverandi: Júlíus Andri Þórðarson, Sævar Ari Finnbogason

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð frá 11. desember 2024 samþykkt samhljóða

2. Dagskrá skólaársins

Kennslustýra lagði fram dagskrá skólaársins fyrir skólaárið 2025-2026 fram og fór yfir helstu þætti.

3. Erindi frá nemendum

Tíðni þess að fólk þurfi að skrá sig inn óþarflega mikil inn á kerfin. Netöryggismálin eru mikilvæg en má ekki ofgera.

Óskað eftir upplýsingum um sölufæri á húsnæði Háskólans. MJN fór yfir stöðu mála.

Spurt um gistimöguleika á Hvanneyri sem kennslustýra upplýsti um.

Til máls tóku DÓV, SH, HLP, MJN, ASH, APR,

4. Erindi frá starfsmönnum

Óskað eftir umræðu um hvar staðlotur verða í framtíðinni. Gert ráð fyrir að vera áfram á Hvanneyri í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands. Umtalstvert meiri ánægja er meðal starfsfólks, kennara og nemenda með að vera á einum stað. Þó gæti farið svo að það þurfi að skipta stærri námskeiðum upp í kennslu til að koma þeim fyrir.

Til máls tóku: EJ, MJN, SH, HLP

5. Skýrsla rektors

Gjaldskrá. Fjármálastjóri kynnti gjaldskrá vegna skólaársins 2025-2026. Ábending um að setja inn heildarupphæð þegar álag bætist á skráningargjald eða afsláttur er veittur.

Til málst tóku: SH, HLB, APR, HKP, MJN

- A) Sameiginlegir fundir rektora HA og Háskólans á Bifröst hafa mælst vel fyrir og verður þeim haldið áfram á meðan vinna við sameiningu stendur yfir. Yfirstandandi eru ráðningarviðtöl verkefnastjóra sameiningar.
- B) Stefnumótun hefur verið í gangi síðan fyrir jól, búið að kalla alla hópa að borðinu og vinnan er komin vel á veg. Stefnan er nú í annarri yfirferð og vinnslu hjá framkvæmdastjórn.
- C) Inntaka nemenda í haust, flæðinu verður stýrt meira nú en áður þar sem mun fleiri nemendur innrituðust síðasta haust og því færri sæti í boði nú en áður. Ekki verður unnt að taka inn jafnóðum eins og verið hefur.
- D) Innritun hefst 1. mars vegna skólaársins 2025-2026
- E) Verið er að vinna að markaðsherferð og fer hún í loftið 1. mars
- F) OpenEU er stórt verkefni þar sem skólinn ber mikla ábyrgð, Susanne og Kasper eru ábyrgðaraðilar verkefnisins fyrir okkar hönd en fulltrúar skólans eru í öllum verkefnahópum.
- G) Árlegur fundur með Gæðaráði Íslenskra háskóla var í janúar þar sem farið var yfir helstu þætti sem snúa að skólanum, hvernig skólinn vinnur að sínum gæðamarkmiðum og helstu þætti næstu úttekta.
- H) Þrátt fyrir stækkun skólans þá munum við kappkosta við að halda áfram að veita nemendum góða og persónulega þjónustu með sterku stuðningsneti.
- I) Endurmenntun er í uppbyggingafasa og meiri áhersla lögð á samvinnu við atvinnulífið.

Fundi slitið kl. 12.58

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir